



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Sigurjónsson & Thor
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík

Tilv. vor
Our ref.

Dags.
Date

430-91/1052 26.06.1992
- 1053

MÁL

Andmæli Sigurjónsson & Thor, Óðinsgötu 4, Reykjavík í nafni Anheuser-Busch, Incorporated, One Busch Place, St. Louis, Missouri, Bandaríkjunum

gegn

skráningu vörumerkjanna, MILLER GENUINE DRAFT (orð- og myndmerki), samkvæmt umsókn nr. 1052/1991, og MILLER GENUINE DRAFT LIGHT (orð- og myndmerki), samkvæmt umsókn nr. 1053/1991, frá Miller Brewing Company, 3939 West Highland Boulev., Milwaukee, Wisconsin 53201, Bandaríkjunum.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Þann 5. nóvember 1991 tilkynnti Faktor Company, Sólvallagötu 48, Reykjavík vörumerkin MILLER GENUINE DRAFT (orð- og myndmerki), umsókn nr. 1052/1991, og MILLER GENUINE DRAFT LIGHT (orð- og myndmerki), umsókn nr. 1053/1991, til skráningar fyrir hönd Miller Brewing Company, 3939 West Highland Boulev., Milwaukee, Wisconsin 53201, Bandaríkjunum. Óskað var skráningar fyrir: „Bjór, öl og porteröl eða þungur, dökkur bjór; ölkeldu- eða kolsýrt vatn og aðrir óáfengir drykkir; síróp eða sykurlögur og önnur efni eða blöndur til drykkjargerðar...“ ásamt öllum öðrum vörum í flokki nr. 32. Vörumerkin voru birt í Vörumerkjatíðindum, þann 16. desember 1991.

Einkaleyfastofan

Með bréfi dags. 3. febrúar 1992 andmælti Sigurjónsson & Thor, Óðinsgötu 4, Reykjavík í nafni Anheuser-Busch, Incorporated, One Busch Place, St. Louis, Missouri, Bandaríkjunum, skráningu ofangreindra vörumerkja án takmörkunar. Andmælandi telur í greinargerð sinni orðin LIGHT og GENUINE DRAFT vera lýsandi fyrir bjór og því beri með, vísan til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki (vml.) sbr. 13. gr. sömu laga, að takmarka skráningu umræddra vörumerkja þannig að verndin taki ekki til ofangreindra orða.

Hinn 10. mars 1992 barst greinargerð frá umboðsmanni umsækjanda. Í greinargerðinni er fallist á að skráning merkisins MILLER GENUINE DRAFT LIGHT, skv. umsókn nr. 1053/1991, verði takmörkuð þannig að hún veiti ekki einkarétt á orðinu LIGHT. Umsækjandi fellst hins vegar ekki á þá takmörkun að verndin taki ekki til orðanna GENUINE DRAFT og telur þau orð ekki lýsandi fyrir bjór á Íslandi. Umsækjandi tekur fram að orðið „draft“ geti haft margs konar þýðingu og mjög ólíklegt verði að teljast „að meirihluti íslensks almennings þekki merkingu orðsins „draft“ eða tengi það orð sérstaklega við bjór eða aðra drykki.“ Enn fremur er bent á að fyrir auglýsingu vörumerkis hafi farið fram rannsókn hjá skráningaryfirvöldum á skráningarhæfi merkisins.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru lögmæt.

Andmælt er skráningu merkjanna MILLER GENUINE DRAFT (orð- og myndmerki), samkvæmt umsókn nr. 1052/1991, og MILLER GENUINE DRAFT LIGHT (orð- og myndmerki), samkvæmt umsókn nr. 1053/1991, fyrir vörur í flokk nr. 32 án takmörkunar á orðunum LIGHT og GENUINE DRAFT.

Orðin GENUINE DRAFT þýða „ósvikinn drykkur“ og eru notuð um bjór sem kemur beint úr tunnu; er ósvikinn. Hér skiptir ekki höfuðmáli hvort meginþorri almennings á Íslandi skilji orðin GENUINE DRAFT. Orðin lýsa ástandi vörunnar og verða að teljast óskráningarhæf ein sér skv. 1. mgr. 13. gr. vml. sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Skráningaryfirvöld meta vissulega skráningarhæfi vörumerkja fyrir birtingu. Í þeim tilvikum er hér um ræðir var það mat skráningaryfirvalda að vörumerkjarétturinn næði ekki til orðanna LIGHT og GENUINE DRAFT, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. sbr. 1. mgr. 15. gr. sömu laga. Af þeirri ástæðu væri ástæðulaust að nota á heimild til takmörkunar sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. vml. Nú hefur komið í ljós að umsækjandi hefur talið vörumerkjarétt sinn víðtækari en hann í raun er og ber því að fallast á kröfu andmælanda um að

Einkaleyfastofan

undanskilja með berum orðum vernd orðanna LIGHT og GENUINE DRAFT með vísan til 2. mgr. 15. gr. vml.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkisins MILLER GENUINE DRAFT (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 1052/1991, er samþykkt með eftirfarandi takmörkun:

„Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum GENUINE DRAFT.“

Skráning vörumerkisins MILLER GENUINE DRAFT LIGHT (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 1053/1991, er samþykkt með eftirfarandi takmörkun:

„Skráningin veitir ekki einkarétt á orðunum GENUINE DRAFT LIGHT.“

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent;
Faktor Company
Sólvallagötu 48
101 Reykjavík